


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	<b>ENS103 - Fjarnám Haustönn 2014</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

<b>Kennari</b>	Ómar Kristinsson	<b>Sk.st.</b>	ÓKR
----------------	------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Í beinu framhaldi af námi í grunnskóla eru undirstöðuatriði enskrar málfræði, sérstaklega þau atriði sem reynast íslenskum nemendum erfið, rifjuð upp í efnislegu samhengi við aðra þætti námsins. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Hraðlesið efni valið við hæfi nemenda. Skriflegi þátturinn þjálfaður með fjölbreyttum æfingum í tengslum við þá efnisflokka sem unnið er með. Kennslan fer öll fram í gegnum tölvu. Allir lestextar, æfingar og annað sem nemendur þurfa að skoða verður sett á Moodle-vefumhverfi.

### Markmið:

Að nemandi:

- ráði við mismunandi lestrarlag eftir aðstæðum
- geti lesið margvíslega texta, t.d. óstytta bókmenntatexta
- geti tekið þátt í almennum samræðum á ensku
- hafi vald á helstu málfræðiatríðum enskrar tungu og geti nýtt sér þau í skapandi ritun þar sem vald á skipulagningu texta kemur einnig fram

### Námsgögn:

Engin kennslubók er í áfanganum.

Leskaflar með ýmsum gagnvirkum æfingum - á Moodle

Ensk málfræði - á Moodle

Smásögur - á Moodle

Skáldsaga - **The Five People You Meet in Heaven** eftir Mitch Albom (allar óstytta úgáfur -


fæst í öllum helstu bókaverslunum - ath **FP** í töflu fyrir neðan)

### Áætlun um yfirferð:

Námsefni annarinnar er skipt í 12 vikur. Opnað er fyrir námsefni einu sinni í viku (að öllu jöfnu alltaf sama dag vikunnar) þar sem greint er frá því hvaða efni skuli unnið og hvernig. Hver fyrirsetning er talin viku vinna og á nemandinn að skila úrlausn sinni innan þess tíma. Þó er gert ráð fyrir því, að nemandinn hafi mest hálfan mánuð (tvær vikur) til þess að skila úrlausn. Dragist skil fram yfir þann tíma, án þess að fullnægjandi skýring sé gefin, er hugsanlegt að svo verði litið á að nemandi hafi ákveðið að hætta námi.

### Próf:

Próf er tekið í skóla í heimabyggð nemandans. Það er tekið í fyrri hluta desember á haustönn, en í fyrri hluta maí á vorönn. Gefin verður út próftafla þar sem prófdagur fyrir þennan áfanga verður tiltekinn. Athugið að komi til þessa að próftökustaður krefjist próftökugjalds af nemanda, semur nemandinn sjálfur um

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambýkkt:SHJ		
Síða 2 af 3	<b>ENS103 - Fjarnám Haustönn 2014</b>	

Það og stendur skil á því við hlutaðeigandi aðila. Próftökugjald er ekki hluti af því gjaldi, sem greitt er til Verkmenntaskólans á Akureyri. Kennari nemandans gerir nemandanum grein fyrir niðurstöðu prófsins, þegar fyrirgjöf fyrir það er lokið. Greinargerðin, ásamt einkunn, er send nemandanum í tölvupósti. Auk þess er einkunn færð inn í bókhald skólans. Nemandi getur fengið útskrift skólaferils síns frá skrifstofu skólans.


#### Verkefni:

Vika	Lestextar	Málfræði	Annað
1	Champagne Balloon Flights / Skydiving is Life	Núttíð	Málnotkun / Ritun 1
2	Aiming for Gold / Girl Footballer	Þáttíð og núttíð	Málnotkun / Þýðing 1
3	Alien	Núliðin tíð	Hlustun / Smásaga
4	Crimes against Property	Habits / Ability / Þáliðin tíð	Þýðing 2 / Five People I
5	Flatmates / The Perfect Flatmate	Lýsingarorð / atviksorð	Málnotkun / FP II
6	A Load of Old Rubbish? / The Greenhouse Effect	Framtíð	FP III
7	Waiter for a Week	Greinar / nafnorð	Þýðing 3 / FP IV
8	Will Smith / A Hard Act to Swallow	Fornöfn / Endaspurningar	Smásaga
9	Owning a Husky	Fornöfn / forsetningar	Hlustun / Þýðing 4
10	Scruff Justice / Juvenile Delinquents	Sagnanafnorð / nafnháttur	Ritun 2
11	Bank Robberies / Granny Robs a bank	Upprifjun / óreglulegar sagnir	Hlustun
12	Lightning Strikes	Upprifjun / annað	Málnotkun /

#### Námsmat og vægi námsþátta:

Á önninni fá nemendur eina vetrareinkunn samkvæmt skólareglum. Samsetningu vetrareinkunnar sem og lokaeinkunnar í áfanganum má sjá í töflunni hér að neðan.

Námshluti	Vægi
Smásagnaverkefni (2 sögur)	8%
Textaverkefni, málfræði, orðaforði, málnotkun og annað	10% (jafnt vægi)
Ritunarverkefni (2) / Þýðingar (4)	14%
<i>The Five People You Meet in Heaven</i>	12%
Hlustun	6%
<b>Samtals ofangreint (vetrareinkunn)</b>	<b>= 50%</b>
Lokapróf	50%

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	<b>ENS103 - Fjarnám Haustönn 2014</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5 og skal hver nemandi ná henni bæði í lokaeinkunn og prófseinkunn. Það þýðir að námseinkunnir reiknast ekki með í annareinkunn nema að nemandi nái einkunninni 5 (þ.e. 45% til 54% markmiða náð) á lokaprófi.

*Réttur til breytinga er áskilinn. Verði þær, verður gerð grein fyrir þeim í bréfi til nemenda.*

**Dagsetning: 1. september 2014**

Undirritun kennara

*Anna B. Palmadóttir*  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

